

Alþingi  
Erindi nr. P 133/583  
komudagur 4. 12. 2006



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2006

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, 416. mál.**

#### Tímamót í skattlagningu matvæla

Samtök iðnaðarins telja að í ofangreindu frumvarpi felist mikil tíðindi. Með því er stigið stórt skref í þá átt að einfalda skattkerfið og verulegur áfangi næst í því að afnema tvöfalt kerfi neysluskatta.

Þetta hafa verið baráttumál Samtaka iðnaðarins allt frá því vörugjald var fyrst lagt á til bráðabirgða árið 1978 og þegar ákvörðun var tekin árið 1993 um að færa hluta matvæla úr efra þrepi virðisaukaskattsins í það neðra.

Samtök iðnaðarins fagna því og styðja heils hugar þessar breytingar og telja þær löngu tímabærar.

#### Verkinu ekki fulllokið

Hins vegar eru það mikil vonbrigði að skrefið sé ekki stigið fulls og öll matvara tekin út úr vörugjaldskerfinu. Ekki verður séð að nein haldbær rök séu færð fram fyrir því að tiltekin sätindi eða sælgæti beri áfram vörugjöld. Hins vegar er hægt að færa fram margvísleg og sterk rök fyrir hinu gagnstæða.

- **Tvöföldu kerfi haldið við**  
Með áframhaldandi innheimtu vörugjalda á hluta matvæla er lífinu haldið í þunglamalegu, flóknu og dýru kerfi algerlega að óþörfu. Nægir í því samhengi að benda á skýrslu hagstofustjóra um matvælaverð á Íslandi.
- **Heimsmarkaðsverð á sykra hefur tvöfaldast undanfarin misseri**  
Það eitt og sér ætti að sýna að ekki þarf að skattleggja hann sérstaklega trúir menn því að bein fylgni sé milli verðs og neyslu. Ekkert bendir hins vegar til þess að þessi hækkun hafi orðið til þess að draga úr neyslu- eða notkun sykurs. Það er því harla ósennilegt að vörugjöldin verði til þess.
- **Vörugjaldið raskar samkeppnisstöðu innan matvælaflokksins**  
Í frumvarpinu eru það einmitt rökin fyrir því að lækka virðisaukaskatt á hljómplötum til jafns við bækur. Hið sama gildir um matvæli.
- **Vaxandi hluti sælgætis án sykurs**  
Mikið af sælgæti, sem verður áfram með vörugjöldum, inniheldur lítinn eða alls engan sykur. Þar má nefna að sykurlaust tyggigúmmí, töflur ýmiss konar (s.s. opal og tópas) og jafnvel brjóstsýkur.
- **Er súkkulaði óhollt?**  
Margt bendir til þess að hófleg neysla súkkulaðis sé holl heilsu manna.

Undanfarin ár hafa birst rannsóknir þessa efnis. Skýtur þá ekki skökku við að skattleggja vöruna með vísan til óhollustu hennar?

**Samtök iðnaðarins skora á efnahags- og viðskiptanefnd að beita sér fyrir því að fella niður vörugjöld a.m.k. af þessum vörum til viðbótar þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir:**

- Sælgæti í 17. kafla tollskrár í tollnúmerum 1704.xxxx.
- Súkkulaði og öðrum matvælum sem innihalda kakó í tollnúmerum: 1806.3101, 1806.3109, 1806.3201, 1806.3202, 1806.3203, 1806.3209, 1806.9023, 1806.9024, 1806.9025 og 1806.9026.

### **Verð bjórs hækkar við kerfisbreytinguna**

Við skoðun á þeim áhrifum, sem lækkun virðisaukaskatts á áfengi og hækkun áfengisgjalds hefur á útsöluverð áfengis, ekki síst bjórs, kemur í ljós að verðið hækkar verulega.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrt tekið fram að þessi breyting á skattlagningu áfengis eigi ekki að hafa í för með sér verðbreytingar:


Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengi haldist óbreyttar og því er lagt til að áfengisgjald verði hækkað um 58% til að vega upp á móti lækkun tekna ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi. Áfengisgjald reiknast á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra af hinum áfenga drykk en virðisaukaskattur er lagður á heildarverð vörunnar. Miðað er við að áhrif á ríkissjóð vegna lækkunar virðisaukaskatts af áfengi verði engin.

Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að leitað verði leiða til þess að koma í veg fyrir verðhækkun af þessum sökum.

**Samtök iðnaðarins treysta því að frumvarpið verði ekki afgreitt frá efnahags- og viðskiptanefnd án þess að tryggt verði að verð á bjór haldist óbreytt.**

Samtök iðnaðarins ítreka að í frumvarpi þessu felst mikill ávinningur en á því eru verulegir gallar sem verður að bæta úr. Verði það gert er óhætt að segja að frumvarpið feli í sér lofsverða kerfisbreytingu sem verður til að einfalda úrelt og flókið kerfi um leið og samkeppnisstaða og jafnræði á matvörumarkaði eru færð í rétt horf.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri